

Nr. 093 / 14 Lácey ÞH 265**Leki í vélarúmi og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2651
Smíðaður: Akranesi 2005, plast
Stærð: 11,38 brl. 14,79 bt.
Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 10,99 m
Breidd: 3,95 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Yanmar 314 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 4



Lácey©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 10. október 2014 var Lácey ÞH 265 á landstími til Raufarhafnar. Veður: N 4 m/s og sjólitíð.

Þegar komið var á Heiðargrunn í Þistilfirði fór austuraðvörun í gang og þegar skipstjóri athugaði með austur í vélarúminu stóð sjór upp á vélina. Lekastaður fannst ekki þrátt fyrir leit en austur jókst og var vélin þá stöðvuð.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og var Lácey dregin af Háey II ÞH 275 til Raufarhafnar.

Áhöfnin hafði undan að dæla með handdælu en björgunarskipið Gunnbjörg kom og var til taks með dælu og fylgdi bátunum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar komið var til hafnar hafði tekist að þurrausa vélarúmið og við nánari skoðun fannst lekastaðurinn sem var hné á sjókælilögn að varmaskipti fyrir háþrýstivökva;
- að hnéð var sprungið og dottið í sundur vegna mikillar tæringar. Rörið var venjulegt einnar tommu galvanínserað stál vatnsrörahné;

- að ekki var ljóst hvenær þetta hné var sett við lögnina en varmaskiptirinn við háþrýstivökvakerfið var settur einu eða tveimur árum eftir að báturinn var smíðaður;
- að lögnin frá sjódælnni að varmaskiptinum var löguð með sjóþolnum slöngum og hné úr sjókopar.

Nefndarálit:

Orsök lekans var óheppilegt val á efnunum í sjólögn.

Nefndin hvetur þá sem hafa umsjón með vélbúnaði smábáta að skoða vel allar sjólagnir og hvort óheppilegt efni hafi verið valið í þær.